

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Emstrur, nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 11. september 2025 deiliskipulag fyrir Emstrur, Mosa úr þjóðlendunni Emstrur, L233955. Deiliskipulagið heimilar að viðhalda núverandi skála eða endurbyggja, hámarksstærð verður allt að 100 m², 45 m² skálavarðarhúsi með geymslu auk þess að heimilt verður að byggja allt að 30 m² við núverandi hesthús. Gæta skal samræmis í útliti allra bygginga á staðnum. Mannvirki skulu felld að landi eftir því sem hægt er. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 11. desember 2025.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,
Þóra Björg Ragnarsdóttir, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 30. desember 2025